

**BORGARRÁÐ 17. nóvember 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna um endurhönnun stofnbrauta - MSS22110150**

Borgarráð samþykkir að fela borgarstjóra að fara í viðræður við ríkið og ná samkomulagi um að Reykjavíkurborg taki að sér að endurhanna stofnbrautir innan borgarinnar sem borgargötur þar sem fjölbreyttir og vistvænir ferðamátar fá enn meira rými. Götur sem kæmu til greina (ekki tæmandi listi) eru Miklabraut, Hringbraut, Kringlumýrarbraut, Sæbraut og Breiðholtsbraut. Markmiðið með því að breyta stofnbrautum og gatnamótum í fallegar og vistvænar borgargötur með öruggum þverunum er að auka öryggi vistvænna og fjölbreyttra ferðamáta og að ná enn hraðar markmiðum Reykjavíkur um kolefnishlutleysi borgarinnar. Til þess þarf m.a. að draga úr eknum kílómetrum og breyta ferðavenjum fólks. Þá þarf að rýna verkefni annarra borga sem hefur tekist vel til að breyta umferðarpungum æðum um borgina í fallegt, heilsusamlegt og nærandi ferðaumhverfi.